

Umgjörð um græn innlán



Arion banki og sjálfbærni

Markmið Arion banka er að styðja við orkuskipti í samgöngum með því að fjármagna kaup á rafmagnsbílum og öðrum ökutækjum sem ganga fyrir endurnýjanlegum orkugjöfum eins og lýst er í þessari umgjörð um græn innlán. Raforkukerfi Íslands býr til lítinn útblástur þar sem rafmagn er framleitt úr endurnýjanlegri orku.

Arion banki er fjárhagslega sterkur banki sem veitir alhliða fjármálaþjónustu til fyrirtækja og einstaklinga með það að markmiði að skapa verðmæti til framtíðar, viðskiptavinum, hluthöfum, samstarfsaðilum og samfélaginu öllu til góða. Yfirskrift stefnu bankans um samfélagsábyrgð er *saman látum við góða hluti gerast* og felur meðal annars í sér að bankinn vilji vera öðrum fyrirmynd um ábyrga og arðbæra viðskiptahætti sem taka mið af umhverfi, efnahagslífi og því samfélagi sem bankinn starfar í.

Í júlímánuði 2019 gerðist Arion banki aðili að UNEP FI, United Nations Environment Programme Finance Initiative, sem er samstarfsvettvangur umhverfis-stofnunar Sameinuðu þjóðanna og yfir 250 fyrirtækja og stofnana í fjármálageiranum víðs vegar um heim. Þar er fjallað um áskoranir í umhverfis- og samfélagsmálum.

Í september 2019 gerðist bankinn aðili að meginreglum Sameinuðu þjóðanna um ábyrga bankastarfsemi, Principles for Responsible banking (PRB), sem mótaðar voru af UNEP FI og 30 alþjóðlegum bönkum. Með reglunum er verið að tengja starfsemi banka við mikilvæg alþjóðleg markmið og skuldbindingar eins og heims-markmið Sameinuðu þjóðanna um sjálfbæra þróun og Parísarsamkomulagið. Í desember 2019

samþykkti stjórn Arion banka nýja umhverfis- og loftslagsstefnu sem er í samræmi við markmiðin. Arion banki hyggst beina sjónum sínum að fjármögnun verkefna sem snúa að sjálfbærri þróun og grænni innviðauppbyggingu.




Ráðstöfun fjármuna / gjaldgeng verkefni

Andvirði grænna innlánsreikninga sem safnast í samræmi við umgjörð þessa skal ráðstafað til að fjármagna eða endurfjármagna kaup á ökutækjum og/eða verkefnum sem skilgreind eru í dálknum „flokkur gjaldgengra verkefna“ í töflunni hér að neðan (hér eftir nefnd *fjármögnunarverkefni*). Haldið verður utan um öll fjármögnunarverkefni í aðgreindu eignasafni (hér eftir nefnt græna *eignasafnið*).

Verkefni kunna að vera fjármögnuð með mismunandi tegundum grænnar fjármögnunar. Fari svo að fjármögnunarverkefni uppfylli ekki lengur skilyrðin sem sett eru fram í í töflunni hér að neðan verður það ekki lengur hluti af græna eignasafninu.

Í skilmálum og annarri skjalagerð nýrra grænna innlánsreikninga Arion banka skal vísa til þessarar umgjörðar um græn innlán.



Nr.	Flokkur gjaldgengs verkefnis	Undirflokkur gjaldgengs verkefnis ¹	Til 31. des. 2025 ² G ₂ /km (WLTP/NEDC)	Frá 1. jan. 2026 gCO ₂ /km (WLTP/NEDC)	Tegundir ökutækja og verkefna	Heims- markmið SP um sjálfbæra þróun
1	Orkuskipti í samgöngum ³	Fólks- bifreiðar, létt atvinnu- ökutæki	<=50 / 34 gCO ₂ /km (WLTP/NEDC) ⁴	0 / 0 gCO ₂ /km (WLTP/NEDC)	Ökutæki í flokkum N1 og M1 sem eru 100% rafknúin, 100% vetnisknúin, 100% knúin af metangasi úr úrgangi, eða hafa útblástur undir skilgreindum mörkum.	7 SJÁLFBÆR ORKA 
2		Tví-, þrí- og fjórhjól	0 / 0 gCO ₂ /km (WLTP/NEDC)	0 / 0 gCO ₂ /km (WLTP/NEDC)	Ökutæki í L-flokki sem eru 100% rafknúin eða hafa engan CO ₂ útblástur.	9 NYSKÖPUN OG UPPBYGGING 
3		Almennings- samgöngur	<=50 gCO _{2e} /pkm ⁵	0 gCO _{2e} /pkm	Ökutæki í flokkum M2 og M3, léttlestir, jarðlestir, sporvagnar eða lestir sem eru 100% rafknúin, 100% vetnisknúin, 100% metanknúin (gas frá úrgangi), eða hafa útblástur undir skilgreindum mörkum.	11 SJÁLFBÆRAR BORGR OG SAMFÉLÐ 
4		Þung atvinnu- ökutæki	<20 gCO ₂ /tkm	0 gCO _{2e} /tkm	Ökutæki í flokkum N1, N2 og N3 sem eru 100% rafknúin, 100% vetnisknúin, 100% metanknúin (metangas úr úrgangi), eða hafa útblástur undir skilgreindum mörkum.	13 VERNDUN JARÐARINNAR 
5		Innviðir fyrir ökutæki sem ganga fyrir hreinni orku	Á ekki við	Á ekki við	Hleðslustöðvar fyrir rafknúin ökutæki og uppsetning þeirra.	

Meðferð fjármuna

Samkvæmt umgjörð Arion banka um græn innlán verða fjármunir af grænum innlánsreikningum alfarið notaðir til að fjármagna eða endurfjármagna eignir eins og lýst er hér að ofan. Enn fremur verður andvirðið geymt á aðgreindum reikningi („grænum reikningi“) þar til hægt verður að ráðstafa því til að fjármagna verkefni í samræmi við flokka gjaldgengra verkefna, samkvæmt töflu hér að ofan. Verður þetta sannreynt af ytri endurskoðanda Arion banka.

Fjárfstýring Arion banka mun hafa daglega umsjón með fjármunum á grænum innlánsreikningum. Á meðan þeim hefur ekki verið ráðstafað í samræmi við umgjörð þessa verður fjárfest í lausafjäreignum í samræmi við reglur Seðlabanka Íslands um lausafjárlutfall lánastofnana.

Áhættustýring Arion banka hefur komið á kerfi sem fylgist með stöðu grænna inn- og útlána bankans. Áhættustýringin fylgist með því og sannreynir að kerfið virki rétt. Kerfið er uppfært sjálfvirkt daglega og sendir upplýsingar um stöðuna til viðeigandi deilda bankans.

Mat og val á verkefnum

Flokkar gjaldgengra verkefna hafa verið skilgreindir fyrirfram af Arion banka, samanber töfluna að ofan. Bílafjármögnun hjá Arion banka er að mestu stafrænt og sjálfvirkt ferli þar sem undirritað er með rafrænum skilríkjum. Bílafjármögnun Arion banka er notuð til að fjármagna bílakaup viðskiptavina þar sem tekið er mið af gCO₂/km í samræmi við umgjörð þessa.

Stýrihópur bankans um samfélagsábyrgð fjallar um og samþykkir allar breytingar á umgjörð þessari um græn innlán.

¹ Skilgreiningar á flokkum gjaldgengra verkefna byggja á skilgreiningum European Union Expert Group on Sustainable Finance Taxonomy Technical Report (EU Taxonomy) (júní 2019), International Capital Market Association's Green Bond Principles (júní 2018), Climate Bonds Taxonomy (October 2019), og Climate Bonds Initiative's Low Carbon Land Transport and the Climate Bonds Standard (útgáfa 1.0, frá febrúar 2017).

² Flokkunarkerfi ESB (EU Taxonomy) hefur tilgreint árslok 2025 sem þann tíma þar sem ökutæki skulu framleidd með 0 g CO₂/km útblástur úr þústi.

³ Ökutæki sem eru 100% knúin með jarðefnaeldsneyti uppfylla ekki skilyrði þessarar umgjörðar.

⁴ Mismunandi mörk eru notuð vegna ólíkra niðurstaðna úr prófum eftir því hvort WLTP- eða NEDC-staðallinn er notaður. Vegið WLTP eða NEDC gCO₂/km gildi er notað fyrir tengiltvinnökutæki.

⁵ Viðmiðunarmörkin miðast við hvern kílómetra á farþega, eins og þau eru skilgreind í flokkunarkerfi ESB (EU Taxonomy) (sjá neðanmálgrein nr. 1), sem tryggir kolefnislosun sem er svipuð viðmiðunum fyrir gjaldgeng ökutæki, eins og lýst er í undirflokki gjaldgengs verkefnis nr. 1. Tvinnstrætisvagn þyrfti að hafa minnst 16 farþega að meðaltali.



Gagnsæi, skýrslugjöf og ytri aðkoma

Arion banki mun birta upplýsingar og mælikvarða um umgjörð þessa í árs- og samfélagsskýrslu sinni, þar á meðal um þá þætti sem taldir eru upp í töflunni hér að neðan. Fjárfestar/innlánseigendur fá þannig gagnsæjar og ítarlegar upplýsingar um framkvæmdina.⁶

CIRCULAR Solutions hafa, sem óháður ráðgjafi, gert úttekt á umgjörð þessari um græn innlán og gefið út álit á henni. Álitid er öllum aðgengilegt á vefsvæði Arion banka. CIRCULAR mun enn fremur gera úttekt á ársskýrslu Arion banka til staðfestingar á (a) að fjármögnuð verkefni uppfylli skilyrði flokka gjaldgengra verkefna og (b) umhverfisáhrifum fjármögnuðu verkefnanna.

Mælikvarðar og upplýsingar
Heildarfjárhæð innlana á grænum innlánsreikningum
Græn bílalán Arion banka, þar með talið óúthlutaðir fjármunir grænna innlánsreikninga, og sundurliðun á eignasafni, og aðrir viðeigandi mælikvarðar
Áætluð árleg lækkun GHG-losunar í tCO ₂ e
Aðferðafræði við skýrslugjöf um áhrif
Ytra álit frá óháðum sérfræðingum í sjálfbærni á því að fjármögnuð verkefni falli undir flokkana um gjaldgeng verkefni
Yfirlýsing ytri endurskoðanda um ráðstöfun og meðferð andvirðis innan Arion banka

Stuðnings skjöl

Hér að neðan er listi yfir skjöl, þar á meðal stefnur, skýrslur, bæði innri og ytri, sem tengjast umgjörð þessari um græn innlán og vinnu Arion banka í sjálfbærnimálum sem deilt var með CIRCULAR Solutions í álitserlinu.


Nr.	Heiti skjals	Dagsetning	Opinbert
1	Sjálfbærnistefna	Desember 2016	Já (tengill)
2	Umhverfis- og loftslagsstefna	Desember 2019	Já (tengill)
3	Ábyrgir og arðsamir viðskiptahættir	Janúar 2020	Já (tengill)
4	Ábyrg bankastarfsemi	Febrúar 2020	Já (tengill)
5	Ábyrg eignastýring	Febrúar 2020	Já (tengill)
6	Samfélagsskýrsla 2019	Febrúar 2020	Já (tengill)
7	GRI tilvísunartafla	Febrúar 2020	Já (tengill)
8	UFS (ESG) / ófjárhagslegar upplýsingar – tafla	Febrúar 2020	Já (tengill)
9	Innri ferli (300.6.1.1 og 300.6.1.7) um veitingu bílalana	Febrúar 2018	Nei

Fyrirvari

Þessi umgjörð um græn innlán hefur verið unnin af Arion banka hf. Umgjörðin er aðeins til upplýsinga og kann að verða breytt, hún endurskoðuð eða skipt út. Þessi umgjörð um græn innlán felur ekki í sér meðmæli varðandi verðbréf eða innlán Arion banka eða dótturfélaga.



Benedikt Gíslason, bankastjóri Arion banka



Iða Brá Benediktsdóttir, framkvæmdastjóri viðskiptabankasviðs

⁶ Skýrslugjafarmælikvarðar byggja á International Capital Market Association's & Green Bond Principles' Handbook on Harmonized Framework for Impact Reporting (júní 2019), European Union's Technical Expert Group on Sustainable Finance Report on EU Green Bond Standard (júní 2019), og Nordic Public Sector Issuers: Position Paper on Green Bonds Impact Reporting (janúar 2019) auk annarra viðeigandi mælikvarða.

